

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, kt. 481004-3220 (bæjarstjórn) og Björn Ingimarsson, kt. 301254-4079 (bæjarstjóri) gera með sér svofelldan

Ráðningarsamning

1. gr.

Bæjarstjórn ræður Björn Ingimarsson sem bæjarstjóra frá og með 11. júní 2018. Um eðli starfsins fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, Samþykkt um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshéraðs, öðrum samþykktum sveitarfélagsins og starfslýsingu vegna starfs bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs.

2. gr.

Ráðningartíma lýkur án uppsagnar við lok þess kjörtímabils sveitarstjórna sem er að hefjast.

Komi til sameiningar sveitarfélaga á kjörtímabilinu sem leiði til þess að kosið verði sérstaklega til nýrrar sveitarstjórnar sameinaðs sveitarfélags utan hefðbundinna sveitarstjórnarkosninga, lýkur ráðningartíma sömuleiðis án uppsagnar þann dag sem bæjarstjórn Fljótsdalshérað missir umboð sitt og ný bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags tekur við. Um starfslok bæjarstjóra í slíku tilfelli gilda sömu ákvæði og um það þegar samningstími rennur út í lok hefðbundins kjörtímabils sveitarstjórna.

3. gr.

Vinnutími er óreglulegur í samræmi við eðli starfsins. Þó er miðað við að daglegur viðverutími á vinnustað sé að jafnaði frá kl. 8.00 til kl. 17.00 virka daga og skal bæjarstjóri bjóða upp á viðtalstíma innan þess tíma.

4. gr.

Umsamin mánaðarlaun við undirritun samnings eru fyrir dagvinnu kr. 987.000.

Fastar yfirvinnugreiðslur skulu nema 50 tímum alls. Þær eru vegna fundarsetu á fundum bæjarstjórnar, bæjarráðs, fóstum meirihluta- og minnihlutafundum auk þeirra nefnda, sem bæjarstjóri er kvaddur til fundarsetu hjá, sem og annarra þeirra verkefna sem starfinu fylgja. Ekki er um frekari yfirvinnugreiðslur að ræða vegna starfsins. Laun taka breytingum í samræmi við hlutfallslega breytingu í samningum Félags opinberra starfsmanna á Austurlandi við Launaneftnd sveitarfélaga. Laun greiðast fyrirfram, 1. virka dag hvers mánaðar. Bæjarsjóður greiðir lögbundið mótframlag af framangreindum launum í Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga ásamt lögbundnu mótframlagi í séreignarsjóð kjósi bæjarstjóri að greiða í slíkan sjóð.

SI 508
BI

5. gr.

Fyrir akstur á eigin bifreið í þágu starfsins fær bæjarstjóri greitt samkvæmt kílómetragjaldi sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd ríkisins á hverjum tíma (nú sbr. auglýsingu nr. 3/2015). Bæjarstjóri metur sjálfur þörf á akstri í þágu starfsins en forseti bæjarstjórnar staðfestir akstursskýrslur hans. Um akstur í þágu starfs bæjarstjóra gilda að öðru leyti þær reglur sem tilgreindar eru í 7. og 8. grein reglugerðar nr. 1281/2014 um bifreiðamál ríkisins. Að auki fær bæjarstjóri greiddan kostnað við viðhald eigin bifreiðar gegn framvísun reikninga sem staðfestir skulu af forseta bæjarstjórnar.

6. gr.

Bæjarstjóri skal fá greiddan ferðakostnað samkvæmt reikningum eða dagpeninga vegna ferðalaga innanlands og erlendis í þágu starfsins. Um greiðslur vegna slíkra ferða skal farið eftir reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins (nú reglur nr. 1/2009) og fjárhæð dagpeninga skal miða við ákvarðanir ferðakostnaðarnefndar ríkisins (nú auglýsingar nr. 1/2018 og 3/2014). Bæjarstjóri fær greiddan útlagðan starfstengdan kostnað en forseti bæjarstjórnar staðfestir framlagða reikninga þar að lútandi.

7. gr.

Orlofsréttur bæjarstjóra er 30 virkir dagar á ári. Bæjarstjóri skal í samráði við forseta bæjarstjórnar og formann bæjarráðs ákveða hvenær hann tekur orlof. Bæjarstjóra er óheimilt að færa meira en 10 daga orlof milli orlofstímabíla. Eigi bæjarstjóri ótekna fleiri en 10 orlofsdaga við lok orlofstímabíls fyrir það sem umfram er.

8. gr.

Bæjarstjóri er slysatryggður samkvæmt samningi sveitarfélagsins við tryggingafélag þess.

9. gr.

Bæjarstjóri hefur rétt til að nýta allt að 5 daga á ári til endurmenntunar í þágu starfsins samkvæmt nánara samkomulagi við forseta bæjarstjórnar. Réttur þessi flyst ekki á milli ára.

10. gr.

Samningur þessi gildir til loka yfirstandandi kjörtímabíls sveitarstjórnar. Báðum aðilum skal þó heimilt að segja samningnum upp. Segi bæjarstjóri samningnum upp skal hann hafa þriggja mánaða uppsagnarfrest og engan biðlaunarétt. Kjósi bæjarstjórn að segja honum upp öðlast bæjarstjóri rétt til þriggja mánaða biðlauna auk þriggja mánaða uppsagnarfrests. Segi bæjarstjórn samningi upp mun ekki verða krafist vinnuframlags bæjarstjóra í uppsagnarfresti. Við lok samningstíma öðlast bæjarstjóri rétt til fimm mánaða biðlauna. Bæjarstjóri skuldbindur sig þó til að vinna allt að þrjú mánuði með nýrri bæjarstjórn sé þess óskað. Réttur til biðlauna hefst að þessum starfstíma loknum. Mánaðarleg biðlaun samkvæmt samningi þessum samsvara umsömdum launum samkvæmt lið 4. Þó skulu koma til frádráttar biðlaunum laun í nýju starfi sem bæjarstjóri tekur að sér á biðlaunatímanum.

STP
SPP
BI

11. gr.

Aðilar skulu taka liði 5 og 6 í samningnum til endurskoðunar sé tilefni til með hliðsjón af þróun kostnaðar á milli ára eða vegna fjárfestingar kostnaðarþróunar. Verði að samkomulagi milli aðila að breyta þessum liðum skal gerður sérstakur viðaukasamningur þar um.

12. gr.

Sveitarfélagið greiðir fyrir afnot af farsíma bæjarstjóra og kostnað vegna heimasíma og nettengingar á heimili hans.

13. gr.

Um annað sem varðar starf og launakjör bæjarstjóra og ekki er hér að framan talið fer eftir samningum Launanefndar sveitarfélaga við Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi og svo lögum um réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélaga eftir því sem við á hverju sinni.

14. gr.

Samningur þessi er gerður í einu eintaki sem varðveitt skal á skrifstofu Fjóttsdalshéraðs og skal hann einnig birtur á heimasíðu sveitarfélagsins. Samningurinn er undirritaður af oddvitum framboða sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn, en þó með fyrirvara um endanlega staðfestingu bæjarstjórnar.

Egilsstöðum 18. júní 2018


Björn Ingimarsson

f.h. B-lista


Stefán Bogi Sveinsson

f.h. D-lista


Anna Alexandersdóttir

f.h. L-lista


Steinar Ingi Þorsteinsson

f.h. M-lista

Hannes Karl Hilmarsson

